Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Bréf sænska sendiráðsins og svar, maí og júní 1961

Bjarni Benediktsson – Stjórnmál – Dóms- Heilbrigðis- og – Iðnaðarmálaráðherra – Landhelgisdeilan – Sænska sendiráðið – Utanríkisráðuneytið

## *Tekið af vef Borgarskjalasafnsins*

bjarnibenediktsson.is

***Einkaskjalasafn nr. 360***

***Stjórnmálamaðurinn***

Askja 2-25, Örk 5

**©Borgarskjalasafn Reykjavíkur**

KUNGL.
SVENSKA AMBASSADEN

Svenska ambassaden har äran enligt mottagna instruktioner framföra följande till Islands utrikesministerium.

Genom noteväxling den 11 mars 1961 mellan Island och Storbritannien har isländska regeringen medgivit brittiska fiskefartyg rätt att under en treårsperiod, räknat från samma dag, bedriva fiske under vissa tider av året och inom vissa områden mellan 6 och 12 sjömil från fastställda baslinjer.

Svenska regeringen anser sig berättigad göra anspråk på rätt för svenska fiskefartyg att under samma villkor, som gälla för brittiska fartyg, fiska inom det yttre sexmilsbältet vid Island.

Svenska regeringen vill därvid hänvisa till det nordiska samarbetet. Den vill tillika hänvisa till att svenskt fiske i varje fall under 1950-talet förekommit i det yttre sexmilsbältet, främst i området väster och öster om Vestmannaöarna (mellan 18 och 24° västlig längd). Det är ett svenskt intresse att få fortsätta därmed åtminstone så länge Island medgiver annan nation sådan rätt.

Det kan i detta sammanhang framhållas, att det svenska fisket i ifrågavarande vatten hittills varit av relativt blygsam omfattning och icke väntas komma att öka, samt att Islands eget fiske därför icke nämnvärt kan påverkas.

Ambassaden betygar Islands utrikesministerium sin utmärkta högaktning.

Reykjavik den 29 maj 1961.

Till Islands Utrikesministerium,

R e y k j a v i k.

Utanríkisráðuneytið

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Utanríkisráðuneytið leyfir sér hér með að skýra sænska sendiráðinu frá því, að ríkisstjórnin hefir athugað Aide-Mémoire sendiráðsins frá 29. maí 1961 varðandi aðstöðu sænskra skipa til fiskveiða við Ísland og skal í því sambandi eftirfarandi tekið fram:

Samkomulag ríkisstjórnarinnar við ríkisstjórn Bretlands frá 11. marz 1961, um aðstöðu brezkra skipa til fiskveiða á Íslandsmiðum, byggist á því, að mikill fjöldi brezkra togara hefur um áratugi stundað fiskveiðar umhverfis allt Ísland og á öllum tímum árs í svo ríkum mæli að telja verður að útfærsla fiskveiðilögsögu Íslands árin 1958 og 1961 hafi skipt máli fyrir afkomu togaraútvegs Breta. Með hliðsjón af þessu þótti rétt að veita brezkum togaraútvegi nokkurt tóm til að samlaga sig breyttum aðstæðum við Ísland vegna útfærslu fiskveiðilögsögu.

Fiskveiðar Breta og Svía við Ísland verða á engan hátt bornar saman. Samkvæmt skýrslum, sem fyrir liggja, hafa nokkur sænsk skip komið til veiða á vissum mjög takmörkuðum svæðum við Ísland öðru hvoru fá undanfarandi ár. Veiðar þessara skipa hafa reynzt mjög óverulegar og eru hverfandi brot af fiskveiðum Breta bæði að því er varðar aflamagn, fjölda veiðiskipa, víðáttu veiðisvæða og lengd veiðitíma úr ári. Ríkisstjórnin getur ekki fallizt á, að sænsk skip hafi stundað fiskveiðar við Ísland um svo langan tíma né í þeim mæli, að útfærsla fiskveiðilögsögu Íslands eigi að hafa áhrif á afkomu þeirra eða sænsks sjávarútvegs og telur ríkisstjórnin því eigi grundvöll fyrir sérstökum umþóttunartíma fyrir sænsk skip vegna útfærslu fiskveiðilögsögu Íslands og getur því ekki orðið við tilmælum yðar.

Utanríkisráðuneytið leyfir sér að votta sænska sendiráðinu virðingu sína.

Utanríkisráðuneytið,
Reykjavík, júlí 1961.

Sænska sendiráðið,
Reykjavík.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar© Borgarskjalasafn Reykjavíkur